

Minnispunktur um útreikninga á örorkubótum í frumvarpi til skaðabótalaga

I. Mat örorkubóta starfandi einstaklinga með aldursháðum margfeldisstuðli

1. Ekki er gerð skýr grein fyrir því hvað skuli lagt til grundvallar mati á tjóni
2. Áhrif tekjuferils ekki rétt metin inn í reiknistuðul
3. Spurningar vakna um það mat á tekjum eftir aldri sem liggur til grundvallar

sleppt tekjum undir 1 milljón
upplýsingar frá einu ári, byggt á gögnum sem ekki hafa verið gefin út

4. Spurningar vakna um aðferð við að meta atvinnuþátttöku

úr stöðutölum eru unnar flæðitölur
notað er ein könnun, atvinnuþátttaka væntanlega í hámarki
eru hugtök vinnumarkaðskönnunar hín sömu og ætlunin er að nota hér sbr. I

5. Tvímælis orkar að nota lágmarkslaunaviðmiðun

ofbætur hugsanlegar
mat á tekjutapi ungra tvítekið með því að nota of há lágmarkslaun. Lágmarkslaun hljóta að þurfa
að vera háð aldri

6. Draga þarf frá aðrar bætur sem réttur er til vegna örorku

gera þarf ítarlega grein fyrir því hvernig fara skuli með hvern bótaflokk
ekki virðist rétt farið með bótarétt frá lífeyrissjóði, iðgjald atvinnurekenda er talið
til tekna, en ekki er tekið tillit til ellilífeyrisréttinda sem stofnast með framreikningi

II. Bætur til tekjulausra

1) Fjárhagslega örorku einstaklinga með tekjur ber að meta með hliðsjón af tekjumissi frá slysdegi til stöðugleika. Eðli máls samkvæmt er þessi viðmiðun ekki til fyrir tekjulausa, og því getur meðferð starfandi og tekjulausra ekki orðið með sama hætti, Fyrir tekjuiausa hlýtur læknisfræðileg viðmiðun að verða ráðandi. Alkunná er að skerðing tekjuöflunarhæfni er ekki hlutfallsleg með læknisfræðilegu örorkustigi, og því hentar hér betur stigvaxandi mat eins og er í núgildandi skaðabótalögum

2) Reiknverk það sem sett hefur verið upp metur tap hinna starfandi með hliðsjón af því að hugsanlega verði tímabil í ævi þeirra þar sem þeir nýta ekki starfsgetu sína til að afla tekna. Þversögn virðist vera að meta svo þá sem eru tekjulausir með því að setja þá í stöðu starfandi, og draga svo frá vegna þess að þeir kunni síðar að verða tekjulausir. Hér má aftur minna á I.1